



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi
b.t. atvinnuveganefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 13. nóvember 2014

1411016SA GB
Málalykill: 401

Efni: Umsögn um þingsályktunartillögu um br. á rammaáætlun, 244. mál

Vísað er til töluvpósts frá nefndasviði Alþingis, dags. 20. október sl., þar sem óskað er umsagnar um ofangreint þingmál. Tillagan felur í sér eina breytingu á gildandi áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða, sem er að Hvammsvirkjun í Þjórsá færð úr biðflokki í nýtingarflokk.

Forsögu þessarar þingsályktunartillögu er lýst á skýran hátt í athugasemdum við tillöguna, en þar kemur m.a. fram að fulltrúi Sambands Íslenskra sveitarfélaga í verkefnisstjórn um 3. áfanga rammaáætlunar skilaði séráliti. Í sérálitinu var lagt til að allir þrír virkjanakostirnir í Þjórsá sem verkefnisstjórn hafði til umsagnar yrðu færðir úr biðflokki í nýtingarflokk.

Sambandið vísar til ofangreinds sérálits en gerir að öðru leyti ekki athugasemd við þingsályktunartillöguna.

Beðist er velvirðingar á því að ekki náðist að senda umsögnina til nefndarinnar innan veitts frests.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Karl Björnsson
framkvæmdastjóri